

# Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

## Ársreikningur 2020

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

kt. 691097-2859

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

## Rekstur

Á árinu 2020 nam hagnaður af rekstri sjóðsins 30,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok árs nam 4.903 millj. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 5.522 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðarins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum á árinu. Á árinu 2020 voru að jafnaði fjögur stöðugildi hjá sjóðnum.

Covid-19 faraldurinn hefur haft misjafnlega mikil áhrif á félög í eignasafni Nýsköpunarsjóðs. Staða sjóðsins til að takast á við krefjandi aðstæður er góð og vonir standa til að verðmæti fjárfestinga sjóðsins í eignarhlutum í flestum félögum muni ekki verða fyrir áhrifum af faraldrinum þegar fram í sækir. Fyrir tilstuðlan stjórnvalda var stofnfé Nýsköpunarsjóðs aukið um 700 milljónir í þeim tilgangi að lána í svokölluð mótframlagslán. 24 fyrirtæki fengu lán frá sjóðnum í þessum nýja lánaflakki. Þessi þáttur starfseminnar er ólíkur hefðbundinni starfsemi ekki síst í ljósi tilurðar lánaflakksins. Sjá nánari umfjöllun um starfsþætti í skýringu 22.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2020, efnahag sjóðsins 31. desember 2020 og breytingu á eigin fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. apríl 2021

### Stjórn

Sigurður Hannesson  
Áslaug Friðriksdóttir  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir  
Arnbjörg Sveinsdóttir  
Kristján Þórður Snæbjarnarson

### Framkvæmdastjóri

Huld Magnúsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eiganda í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 12. apríl 2021

**Advant endurskoðun ehf.**

Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Afkoma af eignarhlutum í félögum .....	(	217.134)	88.485
Afkoma af samlagssjóðum .....		300.000	0
Niðurfærsla eignahlutatengdra lána .....		0	5.211
Vaxtatekjur .....	10	70.159	57.548
Gengismunur .....		5.058	16.694
<b>Samtals</b>		<u>158.083</u>	<u>167.938</u>
<b>Rekstrartekjur og rekstrargjöld</b>			
Aðrar rekstrartekjur .....		3.886	2.650
Laun og launatengd gjöld .....	11	( 88.056)	( 82.621)
Annar rekstrarkostnaður .....	22	( 38.581)	( 45.481)
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni .....		( 5.137)	( 1.028)
<b>Samtals</b>		<u>( 127.888)</u>	<u>( 126.480)</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u>30.195</u>	<u>41.458</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
Eignarhlutir í félögum .....	12	2.135.013	2.079.252
Samlagssjóðir og samlagshlutafélög .....	14	1.219.923	919.923
Almenn útlán .....	15	201.872	97.946
Mótframlagslán .....	16	755.000	0
Aðrar skammtímakröfur .....	18	724	959
Markaðsverðbréf, fjárvarsla .....	19	581.737	868.519
Handbært fé .....		21.251	219.691
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.915.520</u>	<u>4.186.290</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		5.521.767	4.821.767
Annað eigið fé .....		( 618.912)	( 649.107)
<b>Eigið fé samtals</b>	20	<u>4.902.855</u>	<u>4.172.660</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....		12.665	13.630
<b>Skuldir samtals</b>		<u>12.665</u>	<u>13.630</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>4.915.520</u></u>	<u><u>4.186.290</u></u>





# Skýringar

---

## 1. Félagið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskyldu að markaðsverðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru í stöðugri enduskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 5. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 6. Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti.

## 7. Fjáreignir

Eignarhlutir í félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem ætlunin er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði. Ef gangvirði fjáreigna er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignina þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## Skýringar, frh.:

---

### 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum og eign í lausafjárjóðum. Lausafjárjóðir eru auðseljanleg markaðsverðbréf með skamman líftíma og stöðugu gengi.

### 9. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 10. Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum

Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum greinist þannig:

	2020	2019
Vaxtatekjur af útlánum .....	13.379	8.078
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	44	4.428
Tekjur af vörslusjóðum .....	56.736	45.042
Samtals .....	<u>70.159</u>	<u>57.548</u>

### 11. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun .....	65.728	60.762
Lífeyrissjóður .....	13.929	12.866
Önnur launatengd gjöld .....	8.399	8.993
	<u>88.056</u>	<u>82.621</u>

Stöðugildi að meðaltali yfir árið .....

4 4

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2020	2019
Laun framkvæmdastjóra .....	15.196	13.710
Laun stjórnar .....	3.915	3.915
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra samtals .....	<u>19.111</u>	<u>17.625</u>

## Skýringar, frh.:

### 12. Eignarhlutir í félögum

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2020	2019
Eignarhlutir í upphafi árs .....	2.079.252	2.022.168
Fjárfest í nýjum eignarhlutum .....	348.412	271.453
Bókfært verð seldra eignarhluta .....	( 40.000)	( 88.369)
Niðurfærsla eignarhluta .....	( 252.651)	( 126.000)
Eignarhlutir í lok árs .....	<u>2.135.013</u>	<u>2.079.252</u>

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70. gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

### 13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig í lok árs 2020:

Félag	Eignar- hluti	Félag	Eignar- hluti
3Z ehf. ....	28,1%	Kara Connect ehf. ....	10,8%
AGR - Dynamics ehf. ....	5,7%	Klappir grænar lausnir hf. ....	2,7%
Akthelia ehf. ....	37,0%	Lauf Forks hf. ....	10,7%
Ankeri Solutions ehf. ....	17,0%	Mentis Cura AS .....	10,8%
Cooori ehf. ....	17,4%	Mentor ehf. ....	7,6%
Dohop ehf. ....	4,5%	Mint Solutions Holding BV .....	7,9%
eTactica ehf. ....	19,3%	Nordic Visual ehf. ....	34,1%
Expeda ehf. ....	25,9%	Oxymap ehf. ....	35,2%
Florealis ehf. ....	17,1%	OZ ehf. ....	0,8%
Genis ehf. ....	8,6%	PayAnalytics ehf. ....	12,0%
Hefring ehf. ....	23,0%	Tyme Wear inc. ....	9,7%
Kaptio ehf. ....	16,4%		

## Skýringar, frh.:

### 14. Samlagssjóðir og samlagshlutfélög

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2020	2019
Samlagssjóðir í upphafi árs .....	919.923	905.108
Fjárfesting í samlagssjóðum .....	4.453	14.815
Útborganir samlagssjóða .....	( 4.453)	0
Breyting á niðurfærslu .....	300.000	0
Samlagssjóðir í lok árs .....	<u>1.219.923</u>	<u>919.923</u>
	<b>Hlutdeild</b>	<b>Bókfært verð</b>
Frumtak slhf.* .....	37,0%	
AUÐUR I .....	4,7%	
Brú II .....	4,3%	
Kostnaðarverð í árslok .....		<u>1.219.923</u>

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutfélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur sjóðsins minna en 50%.

\* Hlutfjáreign Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í Frumtaki slhf. er víkjandi fyrir hlutfjáreign annarra hluthafa í félaginu þannig að áður en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á rétt á að fá útborgað við slit á Frumtaki slhf. eiga aðrir hluthafar rétt á að fá hlutfé sitt greitt að fullu áður. Ábyrgð sjóðsins vegna þessa er þó að hámarki 1.300 millj. kr. Tekið hefur verið tillit til þessa við mat á niðurfærsluþörf á eignarhlutum.

### 15. Útlán

Útlán greinast þannig:

	2020	2019
Útlán í upphafi .....	97.946	158.828
Ný útlán .....	170.497	44.166
Afborganir útlána .....	( 1.880)	( 78.403)
Útlánnum breytt í hlutfé .....	( 82.030)	( 39.934)
Áfallnir vextir, breyting .....	17.339	8.604
Niðurfærsla og endanleg afskrift útlána, breyting .....	0	4.685
Útlán í lok árs .....	<u>201.872</u>	<u>97.946</u>

Útlán sem ætlað er að eiga fram á gjaldaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Skýringar, frh.:

### 16. Mótframlagslán

Mótframlagslán greinast þannig:

	<b>2020</b>
Ný mótframlagslán .....	755.000
Mótframlagslán í lok árs .....	<u>755.000</u>

Mótframlagslán er nýr lánaflokkur sem varð til í mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna COVID 19 faraldursins. Nýsköpunarsjóður lánaði til 24 fyrirtækja en forsenda lánanna var m.a. sú að félögin öfluðu mótframlags frá eigendum sínum fyrir sömu fjárhæð og lánuð var. Lánin fóru ekki gegnum hefðbundið lánveitingaferli heldur voru skilyrði lánveitinga ákvörðuð með lagasetningu.

### 17. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna

Breytingar á árinu greinist þannig:

	<b>2020</b>	<b>2019</b>
Afskriftareikningur í upphafi árs .....	1.616.990	1.613.400
Framlag í afskriftareikning .....	( 47.350)	126.000
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni .....	( 318.498)	( 122.410)
Afskriftareikningur í lok árs .....	<u>1.251.142</u>	<u>1.616.990</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingaverkefna greinist þannig:

Afskriftareikningur eignarhluta .....	912.232	978.080
Afskriftareikningur útlána .....	60.337	60.337
Afskriftareikningur samlagssjóða og samlagshlutafélaga .....	278.573	578.573
Afskriftareikningur í lok árs .....	<u>1.251.142</u>	<u>1.616.990</u>

Fjáreignir eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingum í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum. Lagt er í afskriftareikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði.

### 18. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Aðrar kröfur .....	724	959
Aðrar kröfur samtals í lok árs .....	<u>724</u>	<u>959</u>

### 19. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Markaðsverðbréf, fjárvarsla greinist þannig:

Fjárvarsla í erlendri mynt .....	51.194	77.745
Fjárvarsla í íslenskum krónum .....	530.543	790.774
Markaðsverðbréf, fjárvarsla samtals .....	<u>581.737</u>	<u>868.519</u>

## Skýringar, frh.:

### 20. Eigið fé

Innborgað stofnfé sjóðsins er samtals 5.522 millj. kr. Samkv. 7. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé sjóðsins skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neyðsluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé sjóðsins nam 4.916 millj. kr. í lok árs 2020 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 5.526 millj. kr.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020 .....	4.821.767 (	649.107)	4.172.660
Hækkun stofnfjár vegna mótframlagslána .....	700.000		700.000
Hagnaður ársins .....		30.195	30.195
Eigið fé 31.12.2020 .....	5.521.767	( 618.912)	4.902.855

### 21. Tengdir aðilar

#### a. Skilgreining tengdra aðila

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Ekki eru sérstaklega tilgreind viðskipti við íslenska ríkið eða félög og stofnanir í þess eigu.

#### b. Viðskipti við tengda aðila

Í rekstrarreikningi eru eftirtalinn viðskipti við tengda aðila:	2020	2019
Þátttaka annarra sjóða í húsnæðiskostnaði .....	4.027	6.613

### 22. Starfsþættir

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skiptist niður í tvo starfsþætti en þeir eru almenn fjárfestingastarfsemi í nýsköpunarfyrirtækjum og veitingu mótframlagslána.

**Almenn fjárfestingastarfsemi** er fjárfesting í eignarhlutum og lánum til nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi í samræmi við tilgang sjóðsins.

**Mótframlagslán** er nýr lánaflokkur sem varð til í mótvægisaðgerðum stjórnvalda vegna COVID 19. Nýsköpunarsjóður lánaði til 24 fyrirtækja en forsenda lánanna var m.a. sú að félögin öfluðu mótframlags frá eigendum sínum fyrir sömu fjárhæð og lánuð var. Lánin fóru ekki gegnum hefðbundið lánveitingaferli heldur voru skilyrði lánveitinga ákvörðuð með lagasetningu.

Kostnaður Nýsköpunarsjóðs vegna mótframlagslána nam á árinu 21,2 millj. kr. og fékk sjóðurinn sérstakt stofnfjárframlag að fjárhæð 15 millj. kr. til að mæta þeim kostnaði. Heildareignir mótframlagslána nema samtals 755 millj. kr., þar af lagði sjóðurinn 70 millj. kr. framlag í starfsþáttinn á móti 685 millj. kr. framlagi frá eiganda.

### 23. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi hinn 12. apríl 2021.